



Starfsáætlun 2023-2024

Skóla- og frístundasvið Akraneskaupstaðar

Leikskólinn Vallarsel 2023-2024

Hlutverk

Hlutverk skóla á Akranesi er að skapa skilyrði fyrir nemendur þannig að þeir nái að nýta hæfileika sína, efla sjálfstæði sitt og þroska með sér góð samskipti við samferðamenn.

Starfsáætlun 2023-2024

Efnisyfirlit	
Skólaárið 2022-2023.....	3
Námsferð starfsmanna erlendis.....	3
Áherslur í starfi leikskólans	5
Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	5
Aðrar upplýsingar	6
Starfsmannamál.....	7
Að lokum	8

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla.

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá þeirra og í henni fer fjallað um árlega starfsemi, birt skóladagatal og aðrar hagnýtar upplýsingar koma fyrir.

Foreldraráð veitir áætluninni umsögn áður en skóla- og frístundaráð taka hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Megintilgangur starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Áætlunin er vinnuskjal og á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Henni er jafnframt ætlað að greina frá hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Starfsáætlun 2023-2024

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðum og áætlun sett fram um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal

Starfsáætlun tekur gildi 1. september ár hvert og skilað rafrænt til sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs fyrir 1. ágúst ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

Skólaárið 2022-2023.

Undanfarið ár hafa verið töluverðar framkvæmdir innanhúss í Vallarseli og hefur það haft mikil áhrif á starfsemi leikskólans.

Í desember 2021 hófust viðgerðir á húsnæði leikskólans vegna loftgæðavanda og unnið hefur verið að endurbótum/viðgerðum allan tímann síðan þá. Unnið er eftir umbótaáætlun sem Verkís-verkfræðistofa afhenti Akraneskaupsstað.

Það sem þetta hefur haft í för með sér er að allar sex deildarnar hafa orðið fyrir röskunum, þurft að fara í annað rými/húsnæði. Sameiginleg rými eins og Listasmiðja og Salur hafa verið nýtt fyrir deildar sem hefur haft þau áhrif að ekki hefur verið hægt að nýta þau rými eins og áður. Það sem leikskólinn finnur hvað mest fyrir er að hafa ekki aðgang að Salnum. Það rými var fyrir framkvæmdir nýttur undir tónlistina sérstaklega og svo hreyfingu. Þá var það rými einnig nýtt fyrir sameiginlega viðburði eins og samsöng einu sinni í viku. Þar komu öll börn og starfsfólks saman, sungu og dönsuðu og áttu gæðastundir þar.

Þegar þetta er ritað standa viðgerðir á húsnæði enn yfir og sér ekki enn fyrir endan á þeim. Því mun starfsemi leikskólans ekki komast í rétt horf en við vonum að það gerist fyrir árslok 2023.

Námsferð starfsmanna erlendis.

Starfsmenn leikskólans fóru til Helsinki dagana 19.-23.apríl.

Heimsóttir voru tónlistarleikskólinn Pilke päiväkoti, Johanna Sunamäki leikskólastjóri tók á móti hópnum og sagði frá áherslum í starfi, aðstöðu og hvernig unnið er með tónlist í starfinu. Þá fengu starfsmenn einnig að taka þátt tónlistartíma með börnunum á leikskólanum <https://www.pilkepaivakodit.fi/paivakodit/helsinki/pilke-musiikkipaivakoti-paahtimo/>

Leikskólinn Neulanen heimsóttur þar sem tónlistarkerran er staðsett.

https://musakarry.blogspot.com/p/etusivu_24.html

Tónlistarkerran, eða Musakarry er samvinnuverkefni Helsinki borgar og Sinfóníuhljómsveitar Helsinki borgar. Starfsmenn Vallarsels fengu kynningu á hvernig tónlistarkerran er notuð með börnum.

Starfsáætlun 2023-2024

Neulanen leikskólinn var skoðaður, leikskólastjórinn Mikko Kuikku sagði frá starfseminni, áherslum og aðstöðu.

Seinni dagurinn var nýttur fyrir námskeið á vegum Lystileikki Esa Lamponen, Music Instruction as Part of Early Childhood Education.

Lystileikki ky er fyrirtæki eða skóli sem sérhæfir sig í kennslu ungbarna sem stofnað var árið 1995. Áherslan er fyrst og fremst á tónlist og hreyfingu. Starfsmenn fengu kennslu hvernig hægt er vinna með hreyfing og takt í tónlistarkennslu með ungum börnum. Hvernig er hægt að vinna með rím, takt, söng, leik og hreyfingu í tónlistarkennslu. Einnig var farið yfir kennslufræði tónlistarkennslunnar og hvernig kennslan er uppbyggð. <https://lystileikki.fi/koulutukset/>

Að lokum var Mikaela Wickström starfsmaður á Norræna bókasafninu í Helsinki, Nordisk kulturkontakt, með kynningu á norræna bókaöleypinum og hvernig hægt er að nota efnið inni á leikskólum og með leikskólabörnum. Ferðin tókst í alla staði vel, gaf starfsfólki nýja sín og kraft til að vinna betur að tónlist með ungum börnum. Þá eflaðist hópurinn og náði vel saman.

Öllu deildarstarfi er alfarið stjórnað af deildarstjórum þar sem tónlistin er alltaf í forgrunni ásamt mörgum öðrum þáttum sem búnir eru að vera í föstum skorðum í langan tíma.

Á skólaárinu var áfram unnið með að þróa fjölmennunguna, Lubba og MÍÓ skimunarefnið og vináttuverkefni Barnaheilla með Blæ í öllu okkar starfi. Brúum bilið samstarfið hélt áfram og fór elsti árgangurinn í skólaheimsóknir að hausti og vori í Brekkubæjarskóla og Grundarskóla.

Aðlögun fór fram á tveimur deildum að hausti. Aldur barnanna í aðlögun fer alltaf lækkandi og í ár voru tekin inn börn allt að júlí 2021 sem gerir það að verkum að börn allt að þrettán mánaða eru komin með leikskólavistun.

Starfsmannamál voru í ágætis jafnvægi en skólinn og fagstéttin er farin að finna fyrir að ekki er endurnýjun í kennarahópnum. Starfsmannahópurinn hefur yngst töluvert og mikil endurnýjun hefur átt sér stað. Fjarverur vegna veikinda og styttingar vinnuvikunnar tóku mikinn toll af starfseminni síðastliðinn vetur.

Stjórnendateymisleikskólans breyttist á skólaárinu og voru það helst hrókeringar í deildarstjórahópnum.

Vilborg Valgeirsdóttir og Krístrún Matthíasdóttir voru áfram í sínum störfum sem leikskólatjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

Siggerður Sigurðardóttir hélt áfram sínu starfi sem sérkennslustjóri.

Salbjörg Ósk Reynisdóttir var deildarstjóri á Lundi (elsta deild-börn fædd 2017)

Margrét Björg Jónsdóttir var deildarstjóri á Hnúki þar til í febrúar 2023 en þá tók Ríkka Emilia Böðvarsdóttir við af henni. Á Hnúki voru börn fædd 2019-2020.

Ragnheiður Magnúsdóttir var deildarstjóri á Stekk með árgang 2018 og 2019

Kristjana Jóhannsdóttir var deildarstjóri á Skarði með börn fædd 2021

Sigrún Jónsdóttir var deildarstjóri á Jaðar með börn fædd 2020 og 2021

Þá var Sýlvía Hera Skúladóttir deildarstjóri á Völlum með árgang 2018 og 2019 en hún fór í fæðingarorlof í apríl. Við deildarstjórn tók Diljá Marín Jónsdóttir og munn hún sinna því út skólaárið 2023-2024

Starfsáætlun 2023-2024

Skipulagsdagar skólaársins 2022-2023.

20.september 2022
15.nóvember 2022
9.febrúar 2023
19.apríl 2023
21.apríl 2023

Áherslur í starfi leikskólans

Áherslur leikskólans næsta starfsárs

Á skólaárinu 2023-2024 verður áfram unnið með svipuðum hætti og áður. Allir fastir þættir, tónlistin og fleiri verða áfram unnir með sama sniði ásamt að áfram verður unnið áfram með LUBBA, MÍÓ og Blæ-Vináttuverkefni Barnaheilla. Sérstök áhersla verður lögð á eflingu málþroska og þá sérstaklega eflingu orðaforða.

Áætlaðir skipulagsdagar skólaársins 2023-2024.

8.ágúst hálfur dagur eftir sumarlokun
25.september
20.nóvember.
2.janúar-hálfur dagur eftir jólafrí
15.febrúar
2.apríl

Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

Markmið leikskólans er m.a. að leggja faglegan grunn að umbótum í skólastarfinu til að auka gæði og skilvirkni í uppeldi og menntun barna og uppbygging jákvæðs skólabrags nái til allra hagsmunahópa innan skólans.

Skólinn hefur sett sér eftirfarandi áætlun um innra mat þar sem viðfangsefnum er skipt niður á skólaárið.

Tímabil	Endurmat	Ábyrgð	Úrvinnsla	Þátttakendur
Ágúst	Samskiptum	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri/ aðstoðarleikskólstjóri	Allir starfsmenn
September	Deildarnámskrár uppfærðar. Námsáætlanir deilda lagðar fram. Áherslur á mál og læsi.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allar deildir
September	Hljóm-2	Sérkennslustjóri	Sérkennslustj. og stm. með réttindi	Börn í elsta árgangi á Lundi
September	TRAS MIÓ	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri og stm. með réttidi	Börn fædd 2018.2019.2020 og fyrrihluti 2021

Starfsáætlun 2023-2024

September	Viðhorfakönnun til foreldra yngstu barna varðandi aðlögunina	Leikskólastjóri	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Foreldrar barna fædd 2021 og 2022
Október/Nóvember	Foreldraviðtöl-símaviðtöl?	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Nóvember	Starfsmannasamtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl stm.	Deildarstjórar	Deildarstjórar	Allir starfsmenn
Desember	Leiðbeiningar- samtöl deildarst.	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir deildarstjórar
Febrúar	Foreldraviðtöl að vori Þroskaviðmið rædd	Deildarstjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Feb / mars	Starfsmannakönnun-Gallup	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Mars / apríl	Líðankönnun elstu barna	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Elstu nemendur á Lundi
Apríl	Starfsmannasamtöl-örviðtöl	Skólastjóri	Skólastjórar	Allir starfsmenn
Apríl / maí	Viðhorfskönnun meðal foreldra um starf elstu barna	Skólastjóri	Skólastjórar	Lundur
Maí	Sérkennsla	Sérkennslustjóri	Sérkennslustjóri	Allar deildir
Maí	Mat á skipulögðu starfi skólaársins	Deildarstjórar / skólastjórar	Deildarstjórar / starfsmenn	Allar deildir
Allt árið	Símat og endurskoðun skóla- og deildarnámskrá	Skólastjórar	Skólastjórar	Allir starfsmenn (og foreldrar eftir aðstæðum)

Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn 1. júní

- Fjöldi barna í leikskólanum - 122
- Kynjahlutfall - 46 stúlur og 76 drengir
- Dvalarstundir - 1092,45
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu - 6
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku - 19
- Fjöldi tungumála - 6

Foreldrasamvinna

Leiðarljós leikskólans eru að hafa jákvæð og hlýleg dagleg samskipti og gott upplýsingastreymi, þar sem velferð barnsins og samvinna um það á öllum sviðum sé ávallt í fyrirrúmi.

Í Vallarseli er hugsað mjög vel um að tryggja foreldrum, sem þess þurfa, túlk fyrir viðtöl sem það þurfa.

Samstarf leik- og grunnskóla

Brúum bilið

Samstarfið var endurvakið eftir tveggja ára hlé vegna Covid-19. Fyrsta skólaheimsókn var í Brekkubæjarskóla vikuna 27.-29.september. Skólaheimsókn í Grundaskóla verður svo 11.-

Starfsáætlun 2023-2024

14.október. Í tengslum við Brúum bilið er einnig gott samstarf við íþróttahúsið við Vesturgötu en þar höfum við verið með íþróttakennslu fyrir elstu börn leikskólans.

Samstarf leikskólastjóra

Náin samvinna er á milli skóla- og frístundasviðs og leikskólans. Samráðsfundir skólastjóra allra leikskóla Akraness og sviðsstjóra sviðsins voru einu sinni í. Þá hittast skólastjórar mjög reglulega og eiga með sér samráð á öðrum tímum.

Samstarf sérkennslustjóra

Það sama má segja um sérkennslustjóra, þeir eiga með sér reglulegt samráð yfir skólaárið og við sérfræðingateymi skólaskrifstofu.

Almennar upplýsingar

Engir nemar HÍ komu í vettvangsnam á skólaárinu. Ástæðan er að við höfum ekki haft rými til að

Á skólaárinu voru 5 kennarar í námi í HÍ.

Samstarf leikskólanna

Á hverju ári er haldið Árgangamót en þá fara leikskólabörn í heimsóknir á aðra leikskóla. Hver árgangur hittist á einum leikskóla og tekur þá þátt í leik og starfi með öðrum börnum í sama árgangi. Þetta hefur verið gert í nokkur ár og hefur tekist vel.

Starfsmannamál

Starfsmannahópurinn 1. Maí

STARFSHEITI	FJÖLDI	STARFSHLUTFALL	MENNTUN
Leikskólakennarar	15	12,60	leisk.k.menntun
Annað háskólapróf	3	3,0	B.A uppl og bókasafnsfræði, þroskaþjálfun, uppeldisfræði
Leiðbeinendur	16	13,25	ýmis menntun
Matráður	1	1,0	grunnskólamenntun
Aðstoðarfólk í eldhúsi	1	1,0	grunnskólamenntun

Starfsþróunarsamtöl

Einu sinni á ári eru starfsþróunaviðtöl. Við erum enn að vinna samkvæmt ákveðnu fyrirkomulagi sem gerir ráð fyrir 4 viðtölum á skólaárinu og starfsmenn teknir í snerpuviðtöl á eftir ef þarf. Vegna manneklu og veikinda hefur reynst flókið á stundum að halda skipulagi hvað það varðar.

Fagfundir

Á skólaárinu var komið á markvissum fagfundum deildarstjóra. Þar skapast vettvangur til að skoða, samræma og rýna í ýmis verkefni sem falla undir starf deildarstjóra eins og skráningar, utanumhald deilda, mannaforráð, samskipti við foreldra og margt fleira.

Áætlun um símenntun skólaárið 2023-2024

Eftirfarandi dagar verða nýttir fyrir starfsþróun og endurmenntun (5 dagar í skipulagsdag-10 tímar í yfirvinnu vegna starfsmannafunda

Starfsáætlun 2023-2024

- 8.ágúst hálfur dagur eftir sumarlokun-dagurinn nýttur til að koma leikskólanum í samt lag aftur eftir alþríf og bónun.
- Starfsmannafundur 24.ágúst-Grunnurinn lagður fyrir veturinn-áherslur vetrarins-tónlistin og málörvun allra barna-
- Skipulagsdagur 25.september Jafningjafræðsla með Hrefnu Ingólfssdóttur og Ragnhildi Jónsdóttur nemar í meistarnámi í máli og læsi ungra barna voru með fyrirlestur um hagnýt atriði er kemur að málörvun og orðaforðavinnu með ungum börnum.
- Starfsmannafundur 12.október.-Deildarvinna
- Skipulagsdagur 20.nóvember.Deildarvinna ásamt brunaæfingu um morguninn. Slysavarnanámskeið á vegum RKÍ í Tónbergi. Fundur í lok dags um fjarverur og veikindi starfsfólks á hausti. Umræður og fleira.
- Skipulagsdagur 2.janúar-hálfur dagur eftir jólafrí. Yoga og hugleiðsla fyrir starfsmenn í upphafi árs.
- Skipulagsdagur 15.febrúar-farsæld barna. Sólveig og Vigdís með fyrirlestur um farsæld barna.
- Tónlist í Vallarseli-Lundur með kynningu á tónlist með börnum á öllum aldri.
- Starfsmannafundur 11.mars-sameiginlegur fundur með starfsfólki.
- Skipulagsdagur 2.apríl-óákveðin dagskrá

Að lokum

Stytting vinnuvikunnar var, er og verður mikil áskorun. Með tilraunaverkefni Akraneskaupsstaðar-skráningardagar hefur sveitarfélagið lagt mikið af mörkum til að koma til móts við styttingu vinnuviku starfsmanna og skapað skólaumhverfi líkt því sem gerist í grunnskólunum. Þetta fyrirkomulag felur það í sér að foreldrar skrá börn sín sérstaklega ef þeir hyggjast nýta sér leikskóladvöl á skilgreindum skráningardögum. Leikskólarnir verða opnir öllum þeim sem þurfa á að halda og starfsemin sniðin að fjölda barna. Þannig er hægt að skipuleggja leikskólastarfið fyrir fram.

Skráningardagarnir eru 11 á starfsárinu; í vetrarfrí grunnskólanna í október (tveir dagar), í kringum jól og áramót (fjórir dagar), í vetrarfrí grunnskólanna í febrúar (tveir dagar) og í Dymbilviku (þrír dagar)

Ef foreldrar nýta ekki leikskólann alla 11 skráningardagana fá þeir desembermánuð gjaldfrjálsan. Mjög góð þátttaka var í þessu verkefni sem verður til þess að börnin fá að vera heima á þessum skilgreindu dögum og eiga samveru með foreldrum ásamt því að hægt verður að losa styttingu vinnuviku starfsmanna með góðu móti.

Akranesi 05.01 2024

Vilborg Guðný Valgeirsdóttir leikskólastjóri